

Skólaráðsfundur

Þriðjudagur 1. mars 2022

Mætt voru: Eva úr foreldrafélaginu, Guðrún, Erla, Diddú og Fjóla.

- Fjóla kynnti skýrslu innra mats fyrir skólaárið 2020 – 2021
Kynnti einnig hvað væri í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021 -2022. Í henni voru teknir fyrir þeir þættir sem komu síst út í nemenda og foreldrakönnun Skólapúlsins.
- Nemendakönnun kom vel út, en við setjum samt alltaf inn umbætur að halda áfram með að auka ánægju af lestri og að fækka eineltistilvikum.
- Varðandi foreldrakönnun, þá ætlum við að vinna meira með foreldrasamstarfið og settar voru inn tillögur um umbætur varðandi það. Annars telur matsnefnd að áhrif covid-19 faraldursins hafi haft einhver á áhrif á niðurstöður því nokkrar spurningar í könnuninni áttu ekki við vegna faraldursins.
- Guðrún fór yfir skóladagatalið 2022- 2023 og svo ræddum við skólastarf á covid- tímum.
- Þar sem aðeins einn fulltrúi var mættur frá foreldrafélaginu, voru kannski ekki margar spurningar frá Evu, en hún kom síðan nokkrum ábendingum og hugmyndum til Guðrúnar frá foreldrafélaginu.